

2. fundur
Þróunarsamvinnunefndar á árinu 2018
haldinn í utanríkisráðuneytinu föstudaginn 4. maí 2018 kl. 08:30

Fundargerð

Mættir:

Valgerður Sverrisdóttir – formaður
Birgir Þórarinnsson – Miðflokkur
Halldóra Mogensen – Píratar
Logi Einarsson – Samfylkingin
Ragnar Schram – SOS Barnabörp
Ragnar Gunnarsson – Kristniboðssambandið
Bjarni Gíslason – Hjálparstarf kirkjunnar
Erna Reynisdóttir – Barnaheill
Geir Gunnlaugsson – Háskóli Íslands
Anna Elísabet Ólafsdóttir – Háskólinn á Bifröst
Ólafur Garðar Halldórsson – Samtök atvinnulífsins

Fundinn sátu að auki fulltrúar utanríkisráðuneytisins: María Erla Marelsdóttir (skrifstofustjóri), Hannes Hauksson (sendiráðunautur) og Vilhjálmur Wíium (sendiráðunautur).

Steinunn Þóra Árnadóttir (Vinstri hreyfingin - grænt framboð), Andrés Ingi Jónsson (Vinstri hreyfingin - grænt framboð), Atli Viðar Thorstenson (Rauði krossinn á Íslandi) og Marianna Traustadóttir (Alþýðusamband Íslands) boðuðu forföll.

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir (Sjálfstæðisflokkur), Þorsteinn Víglundsson (Viðreisn), Alda Lóa Leifsdóttir (Sól í Tógó) og Þorbjörn Guðmundsson (Alþýðusamband Íslands) voru fjarverandi.

Silja Dögg Gunnarsdóttir (Framsóknarflokkur) mætti kl. 08:43 og Ólafur Ísleifsson (Flokkur fólksins) mætti kl. 09:27.

Nefndarritari:

Ágúst Már Ágústsson

11. fundur þróunarsamvinnunefndar

1. Fundur settur

Fundargerð tíunda fundar var samþykkt.

2. Úttektir

María Erla Marelsdóttir, skrifstofustjóri þróunarsamvinnuskrifstofu, minnti á að skipulagi varðandi úttektir var breytt í kjölfar útgáfu skýrslu um framtíð utanríkisþjónustu Íslands [Haqsmunaqæsla í síbreytilegum heimi](#).

Hannes Hauksson, sendiráðunautur á deild eftirlits og úttekta á skrifstofu ráðuneytisstjóra, upplýsti nefndina að deildin bæri ábyrgð á stjórnarsýslueftirliti innan ráðuneytisins auk úttekta á sviði þróunarsamvinnu. Fjórar úttektir kæmu til framkvæmdar á yfirstandandi ári: á héraðsverkefnum alþjóðlegrar þróunarsamvinnu Íslands í Malaví og Úganda, á norsk-íslenska fiskiverkefnum í Mósambík

og á svæðasamstarfi í jarðhita. Ekki séu öll verkefni sem framkvæmd eru af íslensku þróunarfé sett í úttekt, enda þurfi þau að vera af ákveðinni stærðargráðu til að slíkt svari kostnaði.

Einn nefndarfulltrúi benti á að þar sem að deildin bæri ábyrgð á eftirliti og úttektum á allri þróunarsamvinnu ætti að vera áhugavert fyrir hana að skoða útgjöld vegna þróunarsamvinnu sem falla til innanlands í tengslum við móttöku flóttamanna og hælisleitenda. Var bent á að hlutfall framlaga til þróunarsamvinnu sem varið er til þessa málaflokks sé mjög hátt.

Var nefndin upplýst að skýrar reglur væri til hjá þróunarsamvinnunefnd Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu (OECD-DAC) varðandi útgjöld sem til falla í viðtökuríki í tengslum við móttöku flóttamanna og hælisleitenda. Dómsmálaráðuneytið annast útreikning á þessum hluta framlaga til þróunarsamvinnu. Jafnframt var greint frá því að þessi tilteknu útgjöld reiknast til viðbótar við þau framlög til þróunarsamvinnu sem ákveðin eru í fjárlögum og skerða því ekki starfsemi alþjóðlegrar þróunarsamvinnu Íslands.

Nefndin var upplýst um helstu niðurstöður úttekta á samstarfi ráðuneytisins við íslensk borgarasamtök í þróunarsamvinnu.

3. Umfjöllun um jafningjarýni DAC

Þórarinna Söbech, deildarstjóri fjölþjóða þróunarsamvinnu, greindi frá viðbrögðum ráðuneytisins við tillögum í skýrslu DAC. Eftirfylgni við þrjár tillögur eru á áætlun: samstarf við atvinnulífið, hækkun framlaga og þróun mannauðs í þróunarsamvinnu. Verið er að vinna við að koma tveimur tillögum, er varða mótun áætlunar um Heimsmarkmiðin og eflingu hlutverks nefndarinnar í kynningarmálum, í framkvæmd. Fimm tillögur, er snúa að stefnumótun og áætlanagerð, munu taka lengri tíma að bregðast við. Á næsta ári verður framkvæmd miðannarrýni á viðbrögðum Íslands við skýrslu DAC og verður stutt skýrsla um frammistöðu íslenskra stjórnvalda gefin út í kjölfar hennar.

Nokkrir fulltrúar nefndarinnar áréttuðu álit sitt að stjórnvöld ættu að auka framlög til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu í 0,7% af vergum þjóðartekjum. Jafnframt töldu nokkrir fulltrúar að gera þyrfti meira í kynningarmálum varðandi þróunarsamvinnu og töldu rétt að kanna viðhorf almennings til málaflokksins.

Fulltrúar ráðuneytisins viku af fundi er nefndin ræddi viðbrögð sín við rýninni. Þar sem skriður virðist vera kominn í viðbrögð ráðuneytisins við tillögum DAC *ákvað nefndin* að hún muni takmarka umsögn sína við eitt til tvö atriði sem fram koma í rýninni.

4. Önnur mál

Nefndin var upplýst um áform ráðuneytisins að halda kynningarfundum á starfi deilda þróunarsamvinnuskrifstofu á næstu mánuðum.

Fleira var ekki gert.

Fundi slitið 10:38.